

Þessar reglur gilda:

1. Akstur er aðeins leyfður á vegi og afmörkuðu bílastæði.
2. Gangandi fólki er heimil dvöl á svæðinu, en bannað er að breyta náttúruvættinu á nokkurn hátt, eða skaða gróður umhverfis það. Góð umgengni áskilin.
3. Mannvirkjagerð og jarðrask við náttúruvættið er háð leyfi Náttúruverndarráðs. Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa, og tekur hún gildi við birtingu auglýsingar þessarar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. febrúar 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

21. febrúar 1974.

Nr. 219.

AUGLÝSING

um friðland í Gróttu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Gróttu í Seltjarnarneshreppi og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru við stórstraumsflóðmál landmegin á eiðinu og allt að 60 föðmum (115 m) á sjó út frá stórstraumsfjörumáli umhverfis eyjuna.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt, annað en viðhald núverandi húsa og túna, er bannað. Vitastjórn Íslands hefur rétt til þeirra framkvæmda, sem nauðsynlegar eru vegna vita og varnargarða, enda sé Náttúruverndarráð haft í samráði um nývirki.
2. Umferð óviðkomandi fólks er bönnuð á tímabilinu 15. maí til 1. júlí. Utan þess tíma er gangandi fólki heimil för um svæðið og að því eftir fjörum eða öðrum opnum gönguleiðum.
3. Óheimilt er að aka og fara með hesta um svæðið án sérstaks leyfis.

Starfsmönnum vitastjórnar Íslands er heimil eðlileg umferð um svæðið með ökutæki, enda sé sú umferð takmörkuð við þjónustu vitans og aðra starfsemi vitastjórnarinnar á staðnum.

4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
5. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.

Náttúruverndarráð getur falið fegrunar- og náttúruverndarnefnd Seltjarnarness umboð sitt til framkvæmda á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa, og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. febrúar 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

